

27/1 '68

STARFSSKÝRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRAKT RÍKISINS HVAMMI

ÁRID 1967

Frá áramótum og fram til 18. maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Ég var í Skorradal og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar þar frá 18. maí til 11. okt., en eftir það var ég svo í Reykjavík.

#### 1. Veðurfar.

Engar reglulegar veðurmælingar voru gerðar í Hvammi á árinu, nema að skráð var í dagbók hámarks-og lágmarkshiti sólarhringsins í nokkurn tíma í sumar.

Veturinn var fremur langur en ekki harður, ef dæmt er eftir útliti trjágróoursins, en hann kom vel undan vetri. Vorið kom seint og var svalt, þó var ekki mikið um hrakveður. Frost var víðast úr jörð rétt fyrir mánaðarmót maí-júní. Á meðan á vorgróoursetningu stóð var veður hægkvæmt til þeirra starfa. Vegna kuldans voru plönturnar ekki farnar að vaxa fyrir gróoursetninguna.

Sumarið var fremur svalt og þurrt. Hrímfall varð ég var við í nokkur skipti í öllum mánuðum sumarsins. Síðasta verulega naturfrost vorsins var 7. júní en þá var lagt á þollum. Fyrstu naturfrost haustsins voru 5. og 6. sept. Seinnihluti sumars var votviorasamari svo og haustið. Það má kalla einkennandi við sumarið að óvenju sjaldan þurfti að klæðast í regnfót við útivinnu og yfirleitt var gott vinnuveður.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróours.

Lerkið var orðið laufgæð 1. júní en birkið ekki fyrr en 12. júní. Af grenitegundum var hvítgreni fyrst að byrja vöxt, en það var um miðjan júní. Vöxtur á greni var yfirleitt ekki kominn í gang fyrr en um 20. júní. Lauffall var á birki um mánaðarmót sept-okt.

Engar vaxtarmælingar voru gerðar í haust í Skorradal. Vöxtur á Sitkagreni virtist vera góður en á rauðgreni undir meðallagi. Vöxtur á stafafuru var í meðallagi góður en mun lakari á skógarfurni og var hún útlits ljót að nokkru vegna lúsar er hrjáir hana í vaxandi mæli.

Trjágróour allur kom vel undan vetri og var ekki hægt að sjá neinar skemmdir af vetrarveðrum nema aðeins vottaði fyrir vindsviðnun á þeim svæðum, sem opnust eru fyrir næðingi.

Rauðgreni var óvenju gult fram eftir sumri og mun það vera vegna fremur svalrar veðurbáttu í byrjun vaxtartímans.

Birkið slapp vel við maok og lús í sumar. Aðeins varð vart við Paratetranychus ununguis á rauðgreninu og Sitka-greninu í Háafellsreit, en ekki það mikið að ég sæi ástæðu til að sprauta. Sprautunin í fyrra viroist hafa gefið góðan árangur. Furulúsinn var áberandi meiri á skógarfuru í sumar heldur en í fyrrasumar. Það verður æ erfiðara að halda henni í skefjum. Einn reitur af skógarfuru var sprautaður með Rogor, en árangur var ekki nægilega góður því hellidamba kom áður en verkinu var að fullu lokið.

### 3. Starfsfólk.

Í sumar var fleira starfsfólk í Hvammi heldur en á undanfornum árum. Sjö karlmenn og ein ráðskona voru ráðin yfir allt sumarið og þar að auki einn maður lausráðinn við bygginguna. Launagreiðslur voru alls kr. 373.865.44 þar af laun til starfsfólks búsett innansveitar kr. 178.915.25

Launagreiðslur einstaka mánuði voru, sem hér segir:

Mái	kr.	13.167.32
Júní	-	94.069.26
Júlí	-	100.627.82
Ágúst	-	92.722.76
Sept.	-	70.837.62
Okt.	-	<u>2.440.66</u>
Alls	-	373.865.44

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda í Skorradal árið 1967.

Viðbygging í Hvammi	kr. 152.322.66
Viðhald fasteigna	- 19.826.84
Indriðastaðagiroing	- 24.311.42
Grisjun	- 37.196.35
Gróðursetning	- 80.157.36
Hirðing plantna	- 30.894.82
Viðhald girðinga	- 18.111.68
Vegagerð	- 4.292.54
Ýmislegt	- <u>6.751.77</u>
Samtals	- 373.865.44

#### 4. Girðingar.

Byrjað var á að girða Selskóg á Indriðastöðum. Girtur var kanturinn meðfram þjóðveginum og hluti af austurkanti við landamörk Litlu-Drageyrar upp að fyrirhuguðu hliði. Lengd girðingar er um hálfur km.

Til viðhalds var farið með öllum girðingum bæði í vor og haust og gert við eftir þörfum. Fyrir ofan Hvammskletta var girðingin illa farin eftir veturinn, en þar eru tíðar skemmdir á henni vegna snjóá. Kostnaðarsamast er þó alltaf eftirlit og viðhald á girðingaröndunum, þar, sem þeir koma út í Skorradalsvatn.

Á síðastliðnu sumri girti Björn bóndi í Háafelli girðingu um land Snartastaða í Lundarreykjadal þannig að Snartastaðir komu í sama girðingarhólf og Háafeli. Landamörk Snartastaða að vestan eru á móts við Stálpastaðabæinn og fékk Björn leyfi hjá mér að girða þarna þvert yfir landræmu Stálpastaða í girðingu Skógræktarinnar uppi á Hálsinum.

#### 5. Gróðursetningar.

Dálítið var gróðursett af Alaskalúpínu í vegarflögin á Stálpastaðum. Plönturnar voru teknar úr lúpínubreiðunum uppi í hlíðinni. Eg vænti þess, að uppgræsla þessi á vegarflogunum reynist mjög vel og verði til fegurðarauka.

Í Skorradal voru gróðursettar rúmlega 60 þúsund barrplöntur. Þar af komu frá: Tumastöðum rauögreni Rissa 13.000, stafafura Skagway 10.000, frá Voglum rauögreni RKED 9.000, frá Hallormsstað rauögreni Otterøy 20.000, rauögreni Velfjord 1.000 og loks úr Fossvogi bergfura Cevennes 7.000.

Gróðursetning hófst 30. maí og lauk 4. júlí.

Á Stálpastaðum var gróðursett rauögreni og bergfura til uppfyllingar í eldri gróðursetningarreiti (R 184 og 273). Innan Stóragils og ofan við Kjarvalslund var nokkuð stórt svæði, sem tekið var fyrir gróðursetningu (R363). Neðan við Þjóðveginn var svo gróðursett stafafura og Norðmannspínur (R 071 og 031). Alls voru á Stálpastaðum gróðursettar 33.175 plöntur.

Í Hvammi var gróðursett í framhaldi af jólatrésgróðursetningu í R 723 og 724 svo og í R 334 sem er heimar í hlíðinni.

Alls voru gróoursettar í Hvammi 26.920 plöntur.

Í Selskógi á Indriastöðum voru gróoursettar 1.000 rauðgreniplöntur í NV-horn vantanlegrar giróingar. Þarna var gróoursett í fyrra í ógirt kjarrið, þó var ekki hægt að sjá neina verulega beitarskaða á plöntunum.

Tafla yfir gróoursetningar:

Stálpastaðir:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Rauðgreni	Rissa	2/3	2.250	R 184	9/6.
Rauðgreni	Rissa	2/3	450	R 273	9/6.
Rauðgreni	Rissa	2/3	10.300	R 363	16/6. - 21/6.
Rauðgreni	Otterøy	3/3	1.775	R 363	22/6.
Rauðgreni	Otterøy	3/3	1.825	R 273	22/6.
Stafafura	Skagway	3/0	7.150	R 363	14 - 16/6.
Stafafura	Skagway	3/0	2.450	R 071	7 - 8/6.
Bergfura	Cevennes	2/0	1.895	R 184	10 - 12/6.
Bergfura	Cevennes	2/0	4.105	R 273	12 - 13/6
Bergfura	Cevennes	2/0	800	R 363	14/6.
Norðmannspinur	Tlugi	2/2	50	R 031	30/5.
Norðmannspinur	Krasnaja P.	2/1	125	R 031	30/5.
			<u>33 175</u>		

Hvammur:

Rauðgreni	RKED	3/3	8.920	R 723	23 - 27/6.
Rauðgreni	Otterøy	3/3	15.750	R 724	27/6. - 1/7.
Rauðgreni	Otterøy	3/3	2.000	R 334	3 - 4/7.
Sitkagreni	?		50	R 623	30/6.
Stafafura	Skagway	3/0	100	R 623	30/6.
Bergfura	Cevennes	2/0	100	R 623	30/6.
			<u>26.920</u>		

Selskógur Indriastöðum:

Rauðgreni	Velfjord	3/3	<u>1.000</u>		4/7.
-----------	----------	-----	--------------	--	------

61.095

## 6. Hiroing.

Á Stálpastöðum var grisjað fyrir gróoursetningu í R 071 og einnig lokið við að grisja R363.

Í Hvammi var grisjað fyrir gróoursetningu í R 724 og um 3 ha kjarriendi í giroingunni fyrir neðan þjóðveginn.

Í Seiskógi var grisjað fyrir gróoursetningu og einnig höggnað breiðar brautir fyrir giroingarstæði.

Á Stálpastöðum var grisjað frá barrplöntum í eftirtöldum reitum: R 272, 381, 263, 362, 361, 261, 111, 112, 113, 115, 122, og 123. Alls rúnmlega 7 ha.

Í Hvammi var grisjað frá plöntum í reitum R 013 og 621. Alls um einn og hálfur hektari. Auk þessa var klippt frá plöntum samhliða áburðarareifingunni.

Keyptir voru 22 þokar af tilbúnum áburði. Þar af voru 16 þokar Kjarni, 4 af þrífosfati og tveir af brennisteinssúru kalí.

Í Hvammi var áburðarblöndu dreift á R 022 og 23.

Á Stálpastöðum var áburðarblöndu dreift á R 2.11.1, 1.10.1, og 191 en Kjarni var borinn á vesturhluta R 151.

Alls var áburði dreift á um 10 ha svæði í Hvammi og á Stálpastöðum.

## 7. Vegagerð.

Lagaðar voru traktorsbrautir á tveim stöðum upp í Hvamms-  
hlíðina og nokkrar endurbætur voru gerðar á traktorsbrautinni  
á Stálpastöðum.



## 8. Byggingar.

Hafnar voru farnkvæmdir við viðbyggingu við íbúðarhúsið í Hvammi. Viðbygging þessi er 74.2 m<sup>2</sup> að flatarmáli á einni hæð. Grunnur er steypdur en veggir eru hlaðnir úr Seyðishóla-mátsteini frá Jóni Loftssyni. Þak er járnvarið skúrþak. Í haust var húsið fókelt með frágengnu þaki, plasti í gluggum og múrað að utan. Kostnaður um áramót var orðinn kr. 292.400.- Grunnur var nokkru dýrari heldur en reiknað var með því hann var rúmmir 2 m þar, sem dýpst var á fasta undirstöðu.

Gamla fjósið, sem var norðan við íbúðarhúsið var rífið enda komið að falli og stóð í vegi fyrir viðbyggingunni. Þegar fjósið var rífið kom í ljós að gamla húsið er lélegra en búist var við og lá við að það hryndi til grunna. Norourgaflinn, sem var steypdur, hrundi alveg og stórar sprungur komu í bæði austur og vestur hliðar, þegar grunnurinn var grafinn. Reynt var að dytta að þessu eftir fóngum og norourgaflinn var járnklæddur.

Litlu var kostað til viðhalds á gomlu húsunum nema að þokin á bröggunum voru öll máluð í sumar.

Í haust voru unnin skemmdarverk á húsunum á Stálpastöðum. Þar hafði ferðafólk verið að verki og brotið allar rúður og gluggapósta úr húsunum. Ekki hefur enn tekist að hafa uppa á sokudólgunum. Til viðgerðar á þessu voru fjalir og járnplötur negldar fyrir gluggana,

## 9. Vélar og verkfæri.

Vélakostur var svipaður og í fyrra nema að nú fengum við fluttningaskúffu á dráttarvélinu, sem reyndist mjög vel, og var til mikils léttis við alla fluttninga. Vagn var enginn.

til, en fenginn var að láni um tíma vagn, sem notaður var fyrir dráttarvélina við fluttninga á mol í húsgrunninn.

#### 10. Ýmislegt.

Straumur ferðafólks er vaxandi í Skorradal, en veldur þó yfirleitt ekki vandræðum. Oftast er gengið all vel um tjaldstæði. Á Stálpastöðum er afmarkað og merkt tjaldstæði á einum stað. Nokkuð fór að bera á rusli þar í sumar, en eftir að gengið var frá tunnu undir sorp breyttist þetta mjög til batnaðar. Í Selskógi er öllu sóðalegri umgengni og töluvert þer þar á rusli eftir ferðafólk.

Gestkvæmt var oft í Hvammi í sumar. Mér er minnisstæðastur Óskar Kristjánsson fyrrum bóndi á Hóli í Dalasýslu. Hann kom til að skoða Halldórslund, en Óskar er einn af gömlum nemendum Halldórs Vilhjálmssonar. Sagoist hann hafa látið tilleiðast að gefa til Halldórslundar þó hann hefði alltaf verið andvígur skógrækt. Eftir að hafa skoðað Halldórslund sagði hann, að því hefði hann aldrei trúað að svona góður árangur fengist nokkurnstaðar á Íslandi með gróðursetningu barrplantna.

Haldið var áfram í sumar að beita kindum í beitarprufugiroinguna á Stálpastöðum. Þar voru þó ekki vélindaskornar. Það var beitt það mikio, að ekki sást strá eftir í giroingunni og sumsstaðar var næstum því flag komið eftir traök, þó var ekki hægt að sjá að snert væri við Sitkagreninu.

Fyrir jólin voru hoggvin á Stálpastöðum 88 jólatré og seld í Kaupfélag Borgfirðinga. Voru þau í öllum stærðarflokkum frá 0.70 m til 2.50 m. Að heildsoluverðmæti samtals kr. 9.416.-

Þetta voru rauogrenitré af gróoursetningu frá '52 og '54. Trén voru mjög falleg og kaupendur voru, að því er ég hef frétt, mjög ánægðir með þau. Þessa fyrstu jólatrésölu má telja merkilegan áfanga í sögu skógræktar í Skorradal því von er til að jólatrérækt verði í vaxandi mæli tekjulind þar.

Reykjavík í jan. 1968  
Ljónið Arnason